

**Málaflokkar á forræði menntamálaráðuneytis****Listir og menningararfur**

Hlutverk ríkisins á sviði lista og menningarmála er rekstur stofnana, starfræksla sjóða og stuðningur við verkefni, ýmist með lögbundnum framlögum eða styrkjum á grundvelli fjárveitinga á fjárlögum hverju sinni. Sjóðir til stuðnings lista- og menningarstarfsemi veita einkum verkefnastyrki nema launasjóðir listamanna (listamannalaun) og launasjóður höfunda fræðirita sem veita starfslaun.

Fjölmiðlamál

Ríkisútvarpið ohf. og útvarpsréttarnefnd sem meðal annars veitir lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarpsrekstrar.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Ráðuneytið fer með yfirstjórn íþrótt- og æskulýðsmála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar það upplýsinga um iðkun íþróttá landinu og aðstöðu til íþróttastarfs. Einnig stuðlar það að rannsóknum á sviði íþróttamála.

Menntamál

Ráðuneytið vinnur að mótun og framkvæmd menntastefnu og fjallar um málefni allra skólastiga. Ráðuneytið gefur út aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, listdansskóla og tónlistarskóla. Einnig annast ráðuneytið greiningu og miðlun upplýsinga, styður við nýjungar og þróunarstarf í skólum og sér um mat og eftirlit með skólastarfi.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er frjálst val foreldra. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla. Allir sem hafa lokið grunnskóla, eða hlotið jafngilda undirstöðumennun, eiga rétt á að hefja nám á framhaldsskólastigi. Þar eru skilgreind námslok; framhaldsskólupróf, próf til starfsréttinda, stúdentspróf, viðbótarnám við framhaldsskóla og önnur lokapróf. Tónlistarskólar bjóða nemendum kennslu frá leikskólaaldri fram á fullorðinsár. Námið skiptist í grunnám, miðnám og framhaldsnám.

Framhaldsfræðsla er meðal annars í boði hjá símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni og ýmsum fræðsluáðilum á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk háskóla er að veita nemendum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum og til þess að gegna störfum í þjóðfélaginu sem krefjast æðri menntunar. Ráðuneytið hefur eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna sem háskólar veita.



Námslán

Nemendur á háskólastigi og í starfsnámi á framhaldsskólastigi geta fengið námslán sér til framfærslu.

Vísindamál og rannsóknir

Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum er mörkuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu til að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Rannsóknir eru framkvæmdar á vegum háskóla, rannsóknastofnana, sjálfseignarstofnana og fyrirtækja, auk sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Fjöldi skóla árið 2009**Fjöldi nemenda árið 2009****Fjárlög 2009, hlutfallsleg skipting á málaflokkum**

- Ráðuneyti - 667 m.kr.
- Háskólar og rannsóknir - 20.250 m.kr.
- Framhaldsskólar - 19.012 m.kr.
- Grunnskólar - 647 m.kr.
- Námsaðstoð - 7685 m.kr.
- Söfn, listastofnanir o.fl. - 9.203 m.kr.
- Annað - 1.335 m.kr.

